

Reykjavík, 3. október 2020

R20100357

**Viðtakandi:** Öldungaráð Reykjavíkurborgar

**Sendandi:** Korpúlfar, félag eldri borgara í Grafarvogi

---

**Efni:** *Erindi Korpúlfa um tæknilæsi eldri borgara*

Sífelld fleiri stofnanir og fyrirtæki hafa hætt að senda frá sér upplýsingar á prenti, þær verður allar að sækja á netið. Þessi þróun bitnar á eldri borgurum sem margir hverjir upplifa sig afskrifaða af samfélaginu. Brýnt er að skoða leiðir til að koma til móts við þarfir þess hóps.

Með auknu aðgengi aldraða að tölvum og öðrum búnaði þeim tengdum aukast líkur á að þessi aldurshópur verði hæfari til að takast á við þau verkefni sem sífelld er að fjölga á tölvutæku formi.

Stór hluti af elsta hópnum í Korpúlfum samtökum eldri borgara í Grafarvogi stendur alveg fyrir utan netvæðinguna. Það er fólk sem vill ennþá prentað mál og á rétt á því að fá þær upplýsingar sem það þarf eins og aðrir. Við höfum af þessu áhyggjur og það er ljóst að við þessu hefði þurft að bregðast miklu fyrir.

Sífelld fleiri stofnanir og fyrirtæki eru hætt eða um það bil að hætta að senda frá sér prentað efni, hætt verður að prenta símaskrá, leiðabók Strætó verður eingöngu á netinu á nýju ári og verið er að ljúka netvæðingu skattskila, svo dæmi séu tekin.

Korpúlfar samtök eldri borgara í Grafarvogi hafa reynt að bregðast við þessari þróun með námskeiðahaldi í notkun tölva og spjaldtölva og mun halda því áfram en það muni aldrei koma öllum þeim sem á þurfa að halda til góða.

Korpúlfar hafa haldið námskeið, án endurgjalds meðal annars á iPad, Android og Windows tölvur sem mjög margir hafa sótt, og munum halda því áfram. En réttur fólks til að hafa aðgengi að hlutunum er brýnt mál og það þarf að fara að skoða gaumgæfilega hvernig hægt er að koma til móts við þarfir þessa hóps.

Korpúlfar hafa athugað hvernig þessu er háttað á Norðurlöndunum og helst langar okkur að hafa

Danmörk til fyrirmyndar að því hvernig hægt er að tryggja réttindi elsta hópsins, til aðgengis að upplýsingum en þar eru til dæmis tölvuver í öllum félagsmiðstöðvum eldri borgara og mikið lagt upp úr því að fólk tileinki sér tæknina. Hins vegar sé töluvert stór hópur sem ekki treysti sér til þess og skoða þurfi úrræði fyrir hann. „Auðvitað náum við aldrei öllum, það er alveg ljóst. Og enn er það þannig að í flestum tilfellum er hægt að fá útprentun á pappír hjá stofnunum, en um það þarf að biðja sérstaklega og það ruglar fólk mjög í ríminu að eiga að sækja launaseðla, til dæmis, inn á netið og um leið og fólk kinokar sér við því þá minnkar eftirlitið með því hvort allar greiðslur séu réttar.“

**Hér með fylgja krækjur sem styðja við ofanagreint málefni.**

**[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/velferdartaekni-baeklingur-2020.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/velferdartaekni-baeklingur-2020.pdf)**

**[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/velferdarsvid\\_210x210\\_stefna\\_thjonustuelldriborgara.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/velferdarsvid_210x210_stefna_thjonustuelldriborgara.pdf)**